

**FUNDARGERÐ 446. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 9. apríl 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Bjarki Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, situr fundinn undir lið 3.

Tekið fyrir**1. Febrúaruppgjör**

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir uppgjöri febrúarmánaðar.

Bjarki Bjarnason vísar af fundi klukkan 14:29

2. Skógrækt í Álfsnesi - minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um skógrækt í Álfsnesi.

Fyrirhugað er að hefja skógrækt í Álfsnesi með því að planta 5.280 trjáum í Álfsnesi sumarið 2021 undir faglegri stjórn Skógræktarfélag Reykjavíkur. Stefnt er að því að gróðursetja 200.000 tré í Álfsnesi fyrir lok árs 2023.

Kolbrún Þorsteinsdóttir kom á fund 14:42.

3. Úrgangstölfræði heimilanna 2020

Sérfræðingur í sjálfbærni gerir grein fyrir úrgangstölfræði heimilanna 2020. Áform eru um að kynna niðurstöðurnar fyrir öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

4. Staða og horfur moltu og metangass framleiðslu GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni á tilraunafasa GAJA og afurðum hennar. Stjórn kallar eftir minnisblaði framkvæmdastjóra.



5. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra er falið að bregðast við erindi forsvarsfólks SOS og eiga með þeim fund.“

6. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 15. apríl klukkan 15:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:22.